



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

28. feb. 2018 – Pistill nr. 28

Sælir og blessaðir kæru Mývetningar um land allt. Síðustu daga hefur verið vor í lofti í Mývatnssveit. Stærstu tíðindin snúa að fráveitumálunum því eftir langa og stranga baráttu undanfarin misseri hyllir nú loks í lausn sem byggir á því að „hugsa út fyrir kassann“ eins og mætti komast að orði.



Á fundi í fjármálaráðuneytinu á dögunum þar sem ný nálgun í fráveitumálum var kynnt fyrir ráðherra. Frá vinstri: Reynir sérfræðingur hjá Eflu, Helgi sveitarstjórnarfulltrúi, Árni forstjóri Landgræðslunnar, Kristinn sérfræðingur í ráðuneytinu, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, Jóhanna Katrín sveitarstjórnarfulltrúi, Þorsteinn sveitarstjóri, Yngvi Ragnar oddviti og Magnús hjá Landgræðslunni.

Ný Umbótaáætlun samþykkt

Á fundi sveitarstjórnar í morgun var lögð fram sameiginleg Umbótaáætlun í fráveitumálum fyrir Skútustaðahrepp og 13 rekstraraðila vegna krafna Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

um tímasetta og fjármagnaða áætlun um úrbætur þar sem fram kemur hvernig og fyrir hvaða tíma sveitarfélagið og rekstraraðilar muni fullnægja kröfum um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa þar sem við á.

Helstu breytingar frá fyrri áætlun sem skilað var inn 15. júní 2017 er að nýja Umbótaáætlunin byggir á nýrri lausn sem felst í aðskilnaði svartvatns (frá salernum) og grávatns, söfnun svartvatns í lokaðan tank og endurnýtingu næringarefna til uppgræðslu á Hólasandi í samstarfi við Landgræðsluna. Umbótaáætlunin er fjármögnuð að fullu og meginmarkmiðum skipt upp í áfanga til næstu fjögurra ára.

Umbótaáætlun er í raun orðin að umhverfisvænu stórverkefni í Mývatnssveit þar sem á sjálfbæran hátt er verið er að nýta seyru til uppgræðslu á stað þar sem næringarefni skortir. Verkefnið nýtist sveitarfélaginu og fyrirtækjum sem vilja draga úr kolefnisspori sínu með því að græða upp land. Landgræðslan dregur með þessu móti úr notkun á tilbúnum áburði til uppgræðslu ár hvert og með innkaupum sveitarfélagsins og rekstraraðila á vatnssparandi salernum sparast mikið magn af vatni.

Sveitarstjórn samþykkti Umbótaáætlunina samhljóða og sveitarstjóra falið að senda hana inn til Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra. Umbótaáætlunin verður kynnt opinberlega á

næstunni þegar búið er að hnýta alla lausa enda.



Þessa má geta að íbúafundur var haldinn um fráveitumálin síðasta mánudagskvöld í Reykjahlíðarskóla. Fundurinn var mjög góður en um 25 manns mættu til að kynna sér þessa nýju nálgun. Á myndinni má sjá hluta af fundagestum.



Skipt um parket í Skjólbrekku

Að undanfögnu hefur Trésmiðja Mývatnssveitar unnið að því að skipta um allt parket í félagsheimilinu Skjólbrekku. Alls eru þetta um 230 fermetrar. Sérstök valnefnd skipuð einvala liði parketsérfræðinga fékk það hlutverk að velja rétta parkið og litinn. Á myndinni eru smiðirnir Hólmgrímur og Einar eftir að þeir luku við að

setja parketið á stóra salinn. Er þeir þessa dagana að setja parket á „bláa salinn“.

Fyrsti vísir að þekkingasetri

Á fundi sveitarstjórnar lagði undirritaður fram kostnaðaráæltun vegna breytinga á gamla leikskólahúsnæðinu að Hlíðavegi, 6 sem verður fyrsti vísir að þekkingasetri í Mývatnssveit. Jafnframt voru lagðar fram tillögur að húsaleigusamningi við væntanlega leigutaka. Sveitarstjórn samþykkti að farið verði í breytingar á húsnæðinu. Áætlaður kostnaður við breytingarnar er 4 m.kr. Áætlað er að breytingunum verði lokið í byrjun maí. Jafnframt var sveitarstjóra falið að auglýsa eftir aðilum sem hafa áhuga á að leigja skrifstofu-aðstöðu í opnu rými.

Áhugasamir geta sent tölvupóst á thorsteinn@skutustadahreppur.is

75% aukning í líkamsræktina

Á forstöðumannafundi lagði forstöðumaður íþróttamiðstöðvar fram upplýsingar um aðsókn og tekjur íþróttamiðstöðvarinnar fyrir árið 2017. Í febrúar/mars í fyrra var líkamsræktin í íþróttamiðstöðinni tekin í gegn, aðstaðan var næstum þrefölduð og bætt við ýmsum tækjum. Óhætt er að segja að breytingarnar hafi skilað sér í aukinni aðsókn og tekjum. Aðgangstekjur jukumst um tæpan helming milli ára.

Líkamsrækt: 4.481 heimsóknir 2017 á móti 2.557 árið áður eða 75% aukning.

Þá jókst aðsóknin í heildina í íþróttahúsið á milli ára úr 9.978 í 12.425 heimsóknir eða um 25% aukning sem felst aðallega í fleiri heimsóknum í ræktina og hjá leikskólabörnum (leikskólinn duglegri að mæta...). Þá hefur verið mjög góð mæting hjá eldri borgurum í vetur. Árið 2018 fer einnig vel af stað.

Þess má geta að búið er að fjárfesta í aðgangsstýringu til að auka opnunartíma í ræktina og er stefnt að því að kerfið komist í gagnid eftir páska.



Fimm fræknu í síðustu laugardagsgöngu: Þorsteinn, Finnur, Auður, Rósa og Egill.

Skemmtilegar laugardagsgöngur

Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag. Einn laugardag í mánuði er skipulögð heilsubótanga. Á laugardaginn mætti góður hópur í Stórgjá og var gengið að Grjótagjá og í Birkilandið. Vel rættist úr veðri og var þetta dásæmdar byrjun á helginni.



Frá fundi um samgönguáætlun á Akureyri í gær.

Fundur um samgönguáætlun

Í gær var haldinn fundur á Akureyri vegna samgönguáætlunar ríkisins sem ég sótti fyrir hönd sveitarfélagsins. Fundurinn var mjög gagnlegur. Þar lögðu sveitarfélögin fram sínar hugmyndir um framtíðaruppbyggingu í samgöngum í kjördæminu og þar fékk Dettifossvegur mest fylgi. Skútustaðahreppur lagði m.a. áherslu á eftirfarandi:

- Göngu- og hjólreiðastígur umhverfis Mývatn (samkvæmt aðalskipulagi).
 - Lokið verði við að leggja bundið slitlag á Dettifossveg.
 - Lokið verði við að leggja bundið slitlag á Kísilveg.
 - Vegurinn frá Þjóðvegi 1 að Hverfjalli(felli) verði lagfærður.
 - Vetrarþjónusta verði stórbætt.
 - Þjóðvegur nr 1. verði færður af bökkum Mývatns og lagður sunnan Skútustaða og komi svo nálægt núverandi legu við Garð. Fari þaðan beina leið austur á milli Lúdents og Hvannfells og síðan austur yfir Búrfellshraun og tengist núverandi vegi við Skeiðflöt.
- Með þessu;
- styttist leiðin milli Akureyrar og Egilsstaða,
 - einn fjallvegur verður aflagður (Námaskarð),
 - ekki lengur ekið með allskonar vafasaman flutning á bökkum/vatnasviði Mývatns eins og bensín og olíur.

Álagning fasteignagjalda 2018

Álagningu fasteignagjalda fyrir 2018 í Skútustaðahreppi er lokið. Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert. Gjald dagar eru átta, sá fyrsti 1. mars n.k. Gjald daga gjalda undir kr. 20.000 er 1. maí n.k. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Álagningaseðillinn 2018 er birtur rafrænt á www.island.is. Hann verður eingöngu sendur á pappír út á eldri borgara og fyrirtæki. Fasteignagjöld eru innheimt með rafrænum greiðsluseðlum sem hægt er að greiða í netbanka. Frekari upplýsingar um álagningu fasteignagjalda eru veittar á heimasíðu sveitarfélagsins: www.skutustadahreppur.is. Einnig er hægt að senda fyrirspurn á netfangið halla@skutustadahreppur.is eða hringja í síma 464 4163.



Vöktun Mývatns

Á fund sveitarstjórnar í morgun mætti Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ). Hann fór yfir rannsóknir í tengslum við vöktun Mývatns en í fyrra ákvað umhverfisráðherra að auka fjármagn í vöktunina í tengslum við fráveitumálin. Erindi Árna var mjög áhugavert. Lífríki Mývatns er í mikilli uppsveiflu þessi misserin, kúluskíturinn er farinn að láta á sér kræla á ný, veiði hefur ekki verið eins góð í mörg ár og áhrif fráveitu á lífið í vatninu er ekki hægt að staðfesta. Enn er verið að vinna gögn eftir rannsóknir og vöktun síðasta árs.

Á myndinni eru Árni og Helgi Héðinsson sveitarstjórnarfulltrúi og formaður Veiðifélags Mývatns.

HRÓS DAGSINS...

Fá allir þeir sem hafa unnið að nýrri lausn í fráveitumálum í Mývatnssveit undanfarin misseri.

Framundan:

- Aðalfundur Mývetnings verður haldinn í kvöld, miðvikudaginn 28. febrúar 20:00 í Sel-hóteli. Venjuleg aðalfundarstörf.
- Aðalfundur Kvenfélags Mývatnssveitar verður haldinn í Stakhól, Sel hóteli Miðvikudaginn 7. mars kl. 20.00
- Aðalfundur Akstursíþróttafélags Mývatnssveitar verður haldinn 14. mars klukkan 20:00 í björgunarsveitarhúsinu á annarri hæð.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförunu og má þar nefna m.a. með Landgræðslunni og fjármálaráðherra vegna fráveitumála auk íbúafundar, með Þingeyjarsveit vegna samstarfsverkefna sveitarfélaganna, sat fund um samgönguáætlun á Akureyri, í skipulagsnefnd og margt fleira. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins. Næsti fundur sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 14. mars n.k.

Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri